

Nefndasvið Alþingis  
B.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. mars 2007

### Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar.

Landvernd fagnar framkomu þessa frumvarps, en leggur jafnframt áherslu á, að áfram verði að fylgja skegglega fram auknum umhverfisrétti, bættri aðkomu almennings og umhverfissamtaka að öllum umhverfismálum og aukinni ábyrgð þjóðarinnar, sveitarfélaga og stjórnvalda á umhverfi þjóðarinnar til lands og sjávar.


Með frumvarpinu er lagt til að fimm af meginreglum umhverfisréttar verði fundin farvegur í íslenskri löggjöf. Það er fagnaðarefni að þessar fimm meginreglur virðist nú vera á leið inn í löggjöf á Íslandi en umhverfisréttur hefur staðið höllum fæti, bæði á Íslandi og víða erlendis, þar sem sjálfbær þróun er tiltölulega ný hugsun. Með Bruntland skýrslunni 1987 var miklum áfanga náð en það tekur tíma að finna nýrri hugsun farveg í löggjöf sem er í grunninn byggð á alda gömlum hefðum og öðrum gildum en þeim sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar byggir á.

Frumvarp þetta er skref fram á við til þess að jafna stöðu umhverfisréttar gagnvart öðrum rétti, en ganga þarf lengra en að lögleiða meginreglur umhverfisréttar, þeim þarf að skapa styrkar stoðir með viðeigandi ákvæðum í stjórnarskrá. Í umhverfis- og náttúruverndarmálum eru oft á tíðum ágreiningur á milli framkvæmdaaðila og þeirra sem aðhyllast náttúruvernd í ríkari mæli. Eignarréttur og réttur til atvinnu er bundinn í stjórnarskrá en náttúruvernd og umhverfisvernd eiga sér ekki jafn skýrar stoðir þar, þennan mun þarf að jafna.

Í umhverfisrétti er að finna nokkrar aðrar meginreglur sem ekki er ætlunin að lögleiða með þessu frumvarpi. **Landvernd hefði viljað sjá lögleiðingu fleiri reglna og saknar þess einkum að reglan um þátttöku almennings, í anda Árórsarsamningsins, skuli ekki lögleidd í þessu frumvarpi.** Rétt er að minna á að öll ESB lönd hafa fullgilt Árórsarsamninginn og löngu tímabært að ísleknask stjórnvöld geri slíkt hið sama.

Að lokum nokkur orð um markmið laganna. Markmiðum á ávalt að lýsa með nafnorðum og lýsingarorðum en leiðum að markmiðum er betur lýst með sagnorðum. Þannig ættu markmið laganna að vera „sjálfbær þróun, sjálfbær nýting umhverfis og samþætting umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið ...“ en ekki eins og nú stendur „... að stuðla að sjálfbærri þróun ...“ sem fremur er lýsing á leiðum að markmiði.

Með vinsemd og virðingu,

  
Bergur Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar.